


# Austurvegur 65, Selfossi

## Deiliskipulagsbreyting



HLUTI AÐALSKIPULAGS ÁRBORGAR 2020-2036



Deiliskipulag í gildi, samþykkt 12. janúar 2005 1:2000



Óveruleg breyting á deiliskipulagi 1:2000



Skýringarmyndir

### Greinargerð

**Almennt**  
Lögð er fram óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010. Breyting felst í að byggingarreitur er stækkaður til suðurs. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Í gildi er deiliskipulag, samþykkt í bæjarstjórn Árborgar og staðfest í B-deild stjórnartíðinda 12. jan. 2005 ásamt síðari breytingum.

Svæðið er skilgreint sem lónaðarsvæði og áfram er gert ráð fyrir sambærilegri starfsemi sem áfram kann að valda hljóð-, lyktar- og ásyndaráhrifum.

#### Forsendur breytingar

Með breytingunni er verið að stækka byggingarreit í suður vegna viðbyggingar við framleiðslurými.

#### Veghelgunarsvæði

Með breytingunni nær byggingarreitur inn á veghelgunarsvæði stofnvegs. Bent er á að byggingar, leiðslur, auglýsingasjöld, skurðir eða önnur mannvirki, hvorki föst né laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlinu stofnvega nema fengið sé leyfi veghaldara.

#### Deiliskipulagsskilmálar

Byggingar skal staðsetja og fella að landi innan byggingarreits þannig að góð tenging sé milli umhverfis, útsvæðis bygginganna og bygginganna sjálfra. Sérstaklega skal huga að ásynd lóðarinnar frá Austurvegi. Nýta skal trjágróður/runna til að draga úr ásynd mannvirkja og bílastæða og hafa í huga að tré byrgi ekki sýn ökumanna. Æskilegt er að bílastæði sé brotið upp og ekki séu fleiri en 7 bílastæði saman án uppbrots.

Umgengni á lóðinni skal vera til fyrirmyndar. Vélar og tæki skulu geymd bak við hús, séð frá Austurvegi, eftir því sem kostur er. Ljúka skal frágangi lóðar innan árs frá því að húsbýggingu er lokið.

Mögulegur frágangur á lóðinni er sýndur á skýringarmyndum. Að öðru leyti en hér greinir frá gilda skilmálar eldra skipulags samþykkt í B-deild, 12. jan. 2005.

#### Skipulagsgögn

- Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:
- Deiliskipulagsuppráttur 1:2000
  - Greinargerð
  - Aðalskipulag Árborg 2020-2036

#### SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsreits
- Kvæð um lagnir allt að 7m
- Veghelgunarsvæði
- Lóðarmörk
- Byggingareitir húsa
- Núverandi byggingar
- Núverandi byggingar til niðurrífs

#### Kortagrunnur:

Skipulagsuppráttur er teiknað í kortagrunni sveitarfélagsins.

#### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessa sem hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 13.9.2023 og í bæjarstjórn Árborgar þann 1.11.2023 f.h. Sveitarfélagsins Árborgar 21.12.2023

Skipulagsfulltrúi  
Sveitarfélagið Árborg  
*Þórunn Þórunn*

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann



Austurvegur 65, Selfossi  
Sveitarfélagið Árborg  
Óveruleg deiliskipulagsbreyting

| VERK:  | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|--------|------------|--------|-------|
| 100491 | A1         | ABH    | IS    |

| MÆLIKVARÐI: | DAGS:      | DAGS.BREYTT: |
|-------------|------------|--------------|
| 1:2000      | 22.06.2023 | ---          |

SAMÞYKKT: